

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Dalvíkur.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2012 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

### 2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 84,43 pr. m <sup>3</sup>
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 117,85 pr. m <sup>3</sup>
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 33,75 pr. m <sup>3</sup>
d) Mælagjald	kr. 29,53 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 5.667

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> á ári er veittur 30% afsláttur frá gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m<sup>3</sup> á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m<sup>3</sup>.

### 3. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 287.200
og á m <sup>3</sup> þar yfir	kr. 361
og á m fram yfir 50 m	kr. 6.285

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald kr. 287.200
- Fyrir hesthús að 700 m<sup>3</sup> skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimædagjaldi hitaveitunnar.

### 4. gr.

Heimædagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 2011, 111,3 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimædagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

### 5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 5.667.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2012

Nr. 1154

2. desember 2011

og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1048, 22. desember 2010.

*Iðnaðarráðuneytinu, 2. desember 2011.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

Erla Sigríður Gestsdóttir.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2011